



# Fræðslu- og kynningarfundur um helstu breytingar á barnaverndarlögum



Lög um breytingar á  
barnaverndarlögum voru samþykkt á  
Alþingi 13. júní sl.

Gildistaka laganna er **1. janúar 2022**  
en tiltekin ákvæði koma þó ekki til  
framkvæmda fyrr en **28. maí 2022**.



- Starfshópur um framtíðarsýn og stefnu í barnavernd til ársins 2030.
- Viðtækt samráð um breytingar í þágu barna. Ýmsar ábendingar og athugasemdir varðandi framkvæmd barnaverndarlaga. Þingmannanefnd um málefni barna, stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna, hliðarhópar o.fl.
- Starfshópur um framtíðarskipulag barnaverndarþjónustu sveitarfélaga.
- Frumvarpsdrög mótuð og breytingar samþykktar á Alþingi sumarið 2021.
- Innleiðing breytinga ásamt áframhaldandi heildarendurskoðun barnaverndarlaga.



## Næstu skref

- Síðari hluti heildarendurskoðunar barnaverndarlaga.
- Endurskoðun reglugerða.
- Innleiðing breytinga í góðu samstarfi.

# Fyrri áfangi heildarendurskoðunar

Verkefnið er umfangsmikið og mikilvægt að vanda til verka.

Þær breytingar sem þegar hafa verið samþykktar snúa einkum að stjórnslu barnaverndar innan sveitarfélaga, nýjum stofnunum ríkisins og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Þá voru gerðar aðrar brýnar breytingar sem snúa m.a. að þátttöku barna við ákvarðanatöku, stafrænum lausnum, úrræðum vegna ófæddra barna, o.fl.





## Aukin fagþekking

Meðal helstu markmiða breytinganna er aukin fagþekking í barnavernd.

## Ábyrgð sveitarfélaga

Meginábyrgð samkvæmt barnaverndarlögum enn hjá sveitarfélögum.

## Breytt skipan

Barnaverndarnefndir lagðar af.  
Barnaverndarumdæmi stækkuð.  
Við taka barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar.



# Barnavernd á vettvangi sveitarfélaga

## Barnaverndarþjónusta

- Ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum samkvæmt barnaverndarlögum sem ekki eru sérstaklega falin öðrum
- Í það minnsta **6.000** íbúar að baki hverri barnaverndarþjónustu en heimilt að veita undanþágu.
- Samvinna samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

## Umdæmisráð barnaverndar

- Úrskurða um tilteknar íþyngjandi ákvarðanir sem barnaverndarþjónusta tekur.
- Í það minnsta **6.000** íbúar að baki hverju umdæmisráði barnaverndar.
- Samvinna samkvæmt sérstökum samstarfssamningum.

# Barnaverndarþjónusta

Skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu til að geta sinnt verkefnum.

Sveitarstjórn eða fastanefnd fer með stefnumótun, fjárhag o.fl. en getur ekki gefið barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð mála.

Barnaverndarþjónustur taka til starfa þann **28. maí 2022**.







## Umdæmisráð barnaverndar

- Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipa umdæmisráð til fimm ára í senn.
- Félagsráðgjafi, lögfræðingur (jafnframt formaður) og sálfræðingur.
  - Þurfa ekki að vera með lögheimili í sveitarfélagi.
  - Mæga ekki vera starfsmenn viðkomandi barnaverndarþjónustu.
  - Sömu einstaklingar geta setið í mörgum umdæmisráðum.



# Verkefni umdæmisráðs barnaverndar

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Heimild barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að 12 mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81 gr.



## Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

Ný farsældarlög taka gildi 1. janúar 2022.

Farsældarþjónusta skilgreind með víðtækum hætti og tekur til allra kerfa sem veita börnum þjónustu, þ.m.t. **barnaverndarkerfisins** .

Tengiliðir, málstjórar, stuðningsteymi og stuðningsáætlanir.

Sérákvæði um málstjórn þegar kemur að barnaverndarmálum.

Heimild til að úrskurða um að sambættingu verði komið á.



# Þátttaka barna

Réttur barna til þátttöku ein af meginreglum barnaverndarstarfs.

Réttur barna til að fá upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt, t.a.m. í barnvænu umhverfi.

Aukin aðkoma barna að málum, t.a.m. hægt að grípa til tiltekinna stuðningsúrræða eingöngu með samþykki barns sem er orðið 15 ára.

# Gagnagrunnur í barnavernd



- Undirbúningur gagnagrunns í barnavernd þegar hafinn.
- Tengsl við stærri gagnagrunn og stafrænar lausnir sem tengjast samþættingu
- Barnaverndarþjónustu og umdæmisráði verður skylt að vinna gögn sem tengjast barnaverndarmálum í miðlægum gagnagrunni og stafrænum lausnum Barna- og fjölskyldustofu.
- Fjallað með ítarlegri hætti um skráningu mála, varðveislu upplýsinga og stafræna vinnslu.



## Aðrar breytingar

Breytingar sem skýra réttarstöðu í tengslum við úrræði vegna ófæddra barna.

Einföldun málsmeðferðar tiltekinna ráðstafana, málum vegna brottvikningar heimilismanns og nálgunarbanns t.a.m. ávallt beint í farveg hjá lögreglu.

Ákveðnar breytingar á framsetningu kæruheimilda til að eyða óvissu sem mögulega kann að vakna vegna breytinga á stofnana fyrirkomulagi.

# Nýjar ríkisstofnanir

## Barna- og fjölskyldustofa

Veitir og styður við þjónustu í þágu barna, þ.m.t. stuðningur við verkefni barnaverndar og samþættingar, verkfærakista, o.fl.

## Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Hefur eftirlit með gæðum þjónustu, getur gert kröfu um úrbætur og beitt viðurlögum. Veitir rekstrarleyfi til einkaaðila o.fl.





# Gildistaka

- Lögin taka gildi **1. janúar 2022**.
- Þó koma ákvæði sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar ekki til framkvæmda fyrr en **28. maí 2022**.
- Þá taka barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar við verkefnum barnaverndarnefnda.
- Á tímabilinu **1. janúar til 28. maí 2022** fara barnaverndarnefndir því áfram með verkefni barnaverndarþjónustu sveitarfélaga og umdæmisráða barnaverndar.





**Stjórnarráð Íslands**  
Félagsmálaráðuneytið